

20  
19. júní.

# L ö g

um

## stækkun verslunarlóðarinnar í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau  
með samþykki Voru:

Takmörk verslunarlóðarinnar í Hnífsdal eru að innan landamerki Hnífsdals og Ísafjarðarkaupstaðar, að ofan lína yfir þveran Hnífsdal, um svo nefndan Einarshrygg, og að utan bein lína á land upp frá svo nefndu Skarfaskeri.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 19. júní 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Kl. Jónsson.*